



Reglur um stuðning við nemendur í framhaldsnámi

Sveitarfélagið Skagaströnd veitir sérstakan fjárstyrk til nemenda í framhaldsnámi sem þurfa að stunda nám fjarri heimabyggð. Styrkirnir eru veittir árlega samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

1. gr.

Forsendur

Nemendur á framhalds- og háskólastigi sem eiga lögheimili á Skagaströnd og fullnægja eftirtöldum skilyrðum geta átt rétt á námsstyrk frá Sveitarfélaginu Skagaströnd.

2. gr.

Almenn skilyrði.

- a) Nemendur sem stunda reglubundið nám í framhaldsskólastigi sem er a.m.k. eins árs skipulagt nám við framhaldsskóla sem fellur undir ákvæði um laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum. Heimilt er að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi með sérstakri ákvörðun hverju sinni.
- b) Nemendur sem stunda nám á háskólastigi sem er lánshæft skv. skilgreiningu LÍN og er skipulagt af skóla sem a.m.k. 45 ECTS-eininga nám á hverju námsári.
- c) Nemendur í framhaldsnámi við viðurkenndar stofnanir erlendis sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.
- d) Nemendur í sérnámi sem er samþykkt sem framhaldsnám af menntamálaráðuneyti, skipulagt af af viðkomandi starfsgreinaráði. Miðað er við nám sem ekki er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi.
- a) Nemendur í einkanámi í tónlist sem hafa lokið framhaldsprófi í tónlistanámi skv. aðalnámskrá tónlistarskóla á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis.
- b) Lögheimili skal hafa verið skráð á Skagaströnd í amk. þrjá mánuði áður en til styrkveitingar kemur.

3. gr.

Skilgreiningar

- a) Reglubundið nám telst vera þegar nemandi stundar nám og tekur próf til fullnustu a.m.k. 12 eininga.
- b) Lánshæft nám er skilgreint í reglugerð um Lánasjóð íslenskra námsmanna.
- c) Styrkir eru veittir einu sinni á hverju námsári, almennt í byrjun árs þegar annarpróf og eða skráning í skóla liggur fyrir.
- d) Ekki eru veittir styrkir til nemenda í fjarnámi.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

4. gr.

Framkvæmd styrkveitinga.

- a) Upphæð grunnfjárhæðar er ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.
- b) Styrkveiting skal auglýst í sveitarfélaginu með sama hætti og tíðkast almennt um auglýsingar til íbúanna.
- c) Umsóknir skulu berast skrifstofu sveitarfélagsins á sérstökum eyðublöðum sem þar fást eða á heimasíðu sveitarfélagsins.
- d) Fræðslunefnd fjallar um umsóknir og úrskurðar um hvort veita skuli styrki og getur krafist allra gagna um nám umsækjanda telji hún þess þurfa.
- e) Réttur til styrks fellur niður berist umsókn eftir að skólaári lýkur.
- f) Umsækjendur geta óskað eftir úrskurði sveitarstjórnar telji þeir á sér brotið við afgreiðslu styrkumsóknar.

Samþykkt af sveitarstjórn 27. janúar 2009.

Sveitarstjóri